2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 2001.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 753 10. október 2001

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Frá og með 12. október 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Eldeyjarbanka, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 10'00 N — 23° 30'00 V
2. 64° 10'00 N — 23° 40'00 V
3. 64° 00'00 N — 23° 40'00 V
4. 64° 00'00 N — 23° 30'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.